

## Auglýsing.

88  
8. júlí

Samkvæmt 1. grein 3. málsgrein bráðabirgðalaga 19. júní 1915 er gildi þeirra hjermeð takmarkað svo, að mánuðina júlí, ágúst og september þetta ár er heimilt að selja erlendum fiski- og sildveiðaskipum, sem stunda á þeim tíma fiski- eða sildveiðar hjer við land og leggja afla sinn hjer á land til verkunar, kol til fiski- eða sildveiðanna, þó ekki meira en 10 tonn í senn. Ef ástæða finst til, getur stjórnarráðið tekið framangreinda takmörkun á lögunum aftur og auglýsir það þá.

Í stjórnarráði Íslands, 8. júlí 1915.

**Einar Arnórsson.**

Jón Hermannsson.

## Samþykkt

89  
14. júlí

fyrir girðingafjelag Hagabúa.

Hreppsnefndin í Sveinsstaðahreppi í Húnavatnssýslu hefir samkvæmt lögum 22. nóv. 1913 gjört eftirfarandi samþykkt fyrir girðingafjelag Hagabúa.

1. gr.

Samþykkt þessi er gjörð fyrir 5 þætta gaddavirsgirðingu, sem lögð hefir verið frá Flóðinu hjá Vatnsdalshólum vestur til Miðhóps.

2. gr.

Viðhaldskostnaður girðingarinnar, svo og rentur og afborgun af láni því, sem nú hvílir á henni, greiðist af ábúendum jarðanna: Hólabaks, Vatnsdalshóla

**89** Sveinsstaða, Steinness, Haga, Leysingjastaða, Þingeyra og Geirastaða, jafnt fyrir 14. júlí hvert jarðarhundrað eftir jarðamatsbókinni frá 1861.

3. gr.

Eftirlit með girðingunni, niðurjöfnun kostnaðarins og gjaldheimta skal falið þriggja manna stjórn, er kosin sje af þátttakendum á aðalfundi, er haldinn sje í aprilmánuði ár hvert. Niðurjöfnunin og reikningsskil leggist til úrskurðar fyrir aðalfund.

4. gr.

Gjalddagi á hinu niðurjafnaða gjaldi er 15. júlímánaðar ár hvert.

5. gr.

Girði einhver ábúandi á girðingarsvæðinu svo land sitt, að hann hafi ekki lengur not girðingar þeirrar, er um ræðir í 1. gr. samþykta þessarar, er hann laus við allan kostnað af henni.

6. gr.

Girðingunni skal haldið vel við, og eigi breytt nema  $\frac{2}{3}$  fjelagsmanna samþykki breytinguna, enda hafi hún verið tiltekin í fundarboði, sem áður er látið ganga milli fjelagsmanna.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 14. júlí 1915.**

**Einar Arnórsson.**

---

Jón Hermannsson.